Nýútkomið í A-deild.

Opið brjef, er stefnir saman alþingi til reglulegs fundar 1. júlí 1889, undirskrifað af konungi 5. jan. 1889 (A. nr. 1, bls. 2—3).

Skýrsla

1

um aukafund amtsráðsins í Suðuramtinu 10. okt. 1888. 10. okt.

Ár 1888 h. 10. okt. átti amtsráðið í Suðuramtinu aukafund með sjer á skrifstofu amtmannsins. Á fundinum voru auk amtmannsins í Suðuramtinu amtsráðsmaður síra Ísleifur Gíslason og vara-amtsráðsmaður Þorlákur Guðmundsson alþingismaður.

Þessi málefni komu til umræðu á fundinum:

1. Forseti lagði fram bónarbrjef frá ekkjunni Guðlaugu Þorvarðardóttur á Dalbæ í Hrunamannahreppi innan Árnessýslu, dags. 11. júní þ. á. til landshöfðingjans, þar sem hún sækir um styrk af opinberu fje fyrir að hafa upp alið og kennt til fermingar piltinum Jóni Jónssyni, sem er munaðarlaus mál- og heyrnarleysingi; hafði landshöfðinginn með brjefi dags. 28. júlí þ. á. lagt málefni þetta undir úrslit amtsráðsins. Amtsráðið samþykkti að veita tjeðri ekkju úr jafnaðarsjóði fyrir uppeldi og kennslu þessa greinda mállausa og heyrnarlausa pilts 200 kr.
2. Amtsráðið veitti síra Oddi V. Gíslasyni samkvæmt þarum gerðri beiðni hans 100kr. úr jafnaðarsjóði Suðuramtsins til þess í haust að halda áfram ferð kringum Faxaflóa og í fiskiverum austanfjalls í því skyni að leiðbeina mönnum með ýmislegt viðkomandi fiskiveiðum, og í því er lýtur að eflingu sjómennsku og til tryggingar sjómennsku.
3. Forseti lagði fram erindi frá forstöðunefnd kvennaskólans í Reykjavík, dags. 31. ágúst þ. á., þar sem nefndin neitar að fallast á þau skilyrði, er amtsráðið hafði sett á aðalfundi sínum í vor fyrir veitingu á 200 kr. úr jafnaðarsjóði Suðuramtsins til kvennaskólans.

   Eptir að hafa yfirvegað málefni þetta, komst amtsráðið að nýju að þeirri niðurstöðu, að gefa nefndinni til vitundar, að tjeð fjárveiting fyrir yfirstandandi ár sje bundin því, að forstöðunefnd kvennaskólans fallizt á skilyrði þau, er amtsráðið á aðalfundi sínum í sumar setti fyrir greindri fjárveitingu, ella verði ekkert fje úr jafnaðarsjóði veitt til skólans.
4. Því næst var tekið til umræðu málið um stofnun búnaðarskóla fyrir Suðuramtið (sjá fund 29. júní þ. á. nr. 15), á jörðinni Hvanneyri í Borgarfirði og kaup á þessari jörðu í því skyni af sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu fyrir allt að 16,000 kr., og, ef unnt er, í viðbót við hið árlega búnaðarskólagjald og vexti af búnaðarskólasjóði suðuramtsins, að fá nægilegt peningalán, að setja þar á stofn að vori komandi búnaðarskóla; felur amtsráðið forseta sínum að semja um kaup jarðarinnar við sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu, og að taka lán þau, er nauðsynleg eru fyrirtæki þessu til framkvæmdar, og veðsetja fyrir þessum lánum veðskuldabrjef búnaðarskólasjóðs suðuramtsins, og að gera aðrar nauðsynlegar bráðabirgðaráðstafanir málinu til framkvæmdar.

Reykjavík, h. 14. desember 1888.

E. Th. Jónassen.

2. dag febrúarmán. 1889.

Reykjavík 1889. Prentsmiðja Ísafoldar.